# Hagar hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
## 1. mars til 31. ágúst 2020

Hagar hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

Kt. 670203-2120

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .......... 3

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .......... 5

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .......... 6

Efnahagsreikningur .......... 7

Eiginfjáryfirlit .......... 8

Sjóðstreymisyfirlit .......... 9

Skýringar .......... 10

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hagar hf. („félagið“) er verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 40 matvöruverslanir, 28 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-stöðvar, tvær birgðaverslanir, þrjár sérvöruverslanir, tvö apótek, tvö vöruhús og tvær framleiðslustöðvar. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

**Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða**

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 1.225 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 62.246 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 25.394 millj. kr. og var eiginfjárhlutfall 40,8%.

**Áhrif COVID-19 faraldursins á afkomu og stöðu samstæðunnar**

Á þessari stundu er erfitt að leggja mat á áhrif COVID-19 á seinni helmingi rekstrarársins en gera má ráð fyrir áframhaldandi tekjuvexti í dagvöruhluta samstæðunnar en að rekstur Olís muni þyngjast í samanburði við fyrra ár. Þá er framlegð undir væntingum og búist er við áframhaldandi verðþrýstingi sem fer saman við kjarasamningsbundnar launahækkanir á næstu mánuðum.

Efnahags- og lausafjárstaða Haga er sterk og er félagið vel í stakk búið að takast á við ögrandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun félagsins er tryggð til langs tíma og er aðgangur að skammtímafjármögnun, að fjárhæð um 6,2 ma. kr., hjá viðskiptabanka einnig tryggður. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 15.

**Breyting á framkvæmdastjórn**

Þann 1. júlí sl. tók Finnur Oddsson við starfi forstjóra Haga hf. Finnur Árnason, fyrrverandi forstjóri, sagði starfi sínu lausu þann 30. apríl sl. og lét af störfum þann 30. júní. Fjallað er um fjárhagsleg áhrif vegna starfslokanna í skýringu 16 um tengda aðila.

**Hlutafé og hluthafar**

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.181 millj.kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Félagið á enga eigin hluti.

Hluthafar voru 684 í byrjun tímabilsins og 683 í lok þess.

Þann 9. júní 2020 samþykkti aðalfundur félagsins að ekki yrði greiddur arður til hluthafa vegna síðastliðins árs. Aðalfundur samþykkti að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 32,7 millj. kr. Lækkunin kom til framkvæmda þann 3. júlí 2020 og lækkaði hlutafé Haga því úr 1.213 millj. kr. að nafnverði í 1.181 millj. kr. að nafnverði.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**
Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. ágúst 2020 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 29. október 2020

Stjórn:

Davíð Harðarson, formaður
Eiríkur S. Jóhannsson, varaformaður
Eva Bryndís Helgadóttir, meðstjórnandi
Jensína Kristín Böðvarsdóttir, meðstjórnandi
Katrín Olga Jóhannesdóttir, meðstjórnandi

Forstjóri:

Finnur Oddson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa Haga hf.**

**Inngangur**
Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2020. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

**Umfang könnunar**
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

**Ályktun**
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 29. október 2020

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Bryndís Björk Guðjónsdóttir

Vignir Rafn Gíslason

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. mars til 31. ágúst 2020

| | Skýr. | Annar ársfjórðungur | | Fyrri árshelmingur | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **2020** | **2019** | **2020** | **2019** |
| | | **1.6.-31.8.** | **1.6.-31.8.** | **1.3.-31.8.** | **1.3.-31.8.** |
| | | * | * | | |
| Vörusala | | 30.924 | 30.914 | 59.165 | 59.504 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 23.657) | ( 24.244) | ( 46.069) | ( 46.402) |
| **Framlegð** | | 7.267 | 6.670 | 13.096 | 13.102 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 85 | 156 | 183 | 264 |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 3.064) | ( 2.965) | ( 6.340) | ( 6.023) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 1.269) | ( 1.372) | ( 2.623) | ( 2.820) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir** | | 3.019 | 2.489 | 4.316 | 4.523 |
| Afskriftir | 7 | ( 1.068) | ( 936) | ( 2.092) | ( 1.869) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.951 | 1.553 | 2.224 | 2.654 |
| Fjármunatekjur | | 16 | 57 | 33 | 113 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 435) | ( 374) | ( 883) | ( 728) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | 8 | ( 419) | ( 317) | ( 850) | ( 615) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 95 | 67 | 125 | 90 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 1.627 | 1.303 | 1.499 | 2.129 |
| Tekjuskattur | | ( 306) | ( 247) | ( 274) | ( 408) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 1.321 | 1.056 | 1.225 | 1.721 |
| **Skipting hagnaðar:** | | | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 1.322 | 1.056 | 1.228 | 1.721 |
| Hlutdeild minnihluta | | ( 1) | | ( 3) | |
| | | 1.321 | 1.056 | 1.225 | 1.721 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 1,12 | 0,87 | 1,04 | 1,42 |
| Starfsþáttayfirlit, skýring | 17 | | | | |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

# Efnahagsreikningur 31. ágúst 2020

| | Skýr. | 31.8.2020 | 29.2.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 23.086 | 21.985 |
| Fjárfestingarfasteignir | | 4.349 | 4.386 |
| Óefnislegar eignir | | 10.536 | 10.531 |
| Leigueignir | 14 | 8.666 | 9.435 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 1.291 | 1.166 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 39 | 39 |
| Skuldabréfaeign | | 98 | 12 |
| Fastafjármunir samtals | | 48.065 | 47.554 |
| | | | |
| Vörubirgðir | 9 | 8.359 | 8.380 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 3.716 | 3.510 |
| Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur | | 1.217 | 1.032 |
| Handbært fé | | 889 | 2.232 |
| Veltufjármunir samtals | | 14.181 | 15.154 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 62.246 | 62.708 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.181 | 1.189 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 3.605 | 4.017 |
| Lögbundinn varasjóður | | 295 | 297 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 2.959 | 5.947 |
| Óráðstafað eigið fé | | 17.354 | 13.136 |
| Samtals | | 25.394 | 24.586 |
| Hlutdeild minnihluta | | ( 2) | 1 |
| Eigið fé samtals | | 25.392 | 24.587 |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 10 | 12.081 | 12.182 |
| Leiguskuldir | 14 | 7.359 | 7.984 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 2.766 | 2.196 |
| Langtímaskuldir samtals | | 22.206 | 22.362 |
| | | | |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 10 | 464 | 442 |
| Skuldir við lánastofnanir | 10 | 0 | 1.273 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 420 | 579 |
| Leiguskuldir | 14 | 2.058 | 2.183 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 11 | 11.660 | 11.146 |
| Skuldbindingar | | 44 | 137 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 14.646 | 15.760 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 36.852 | 38.122 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 62.246 | 62.708 |

Aðrar upplýsingar, skýringar ........ 12,13,15,16

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit
# 1. mars til 31. ágúst 2020

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Lög-bundinn varasjóður | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2020** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2020 | 1.189 | 4.017 | 297 | 5.947 | 13.136 | 24.586 | 1 | 24.587 |
| Endurkaup á eigin bréfum | ( 8 ) | ( 412 ) | | | | ( 420 ) | | ( 420 ) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 1.228 | 1.228 | ( 3 ) | 1.225 |
| Breyting á varasjóð | | | ( 2 ) | | 2 | 0 | | 0 |
| Flutt af bundnum hlutdeildarreikning | | | | ( 2.988 ) | 2.988 | 0 | | 0 |
| Eigið fé 31. ágúst 2020 | 1.181 | 3.605 | 295 | 2.959 | 17.354 | 25.394 | ( 2 ) | 25.392 |
| **Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2019** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2019 | 1.213 | 5.023 | 303 | 5.092 | 12.648 | 24.279 | 0 | 24.279 |
| IFRS 16, áhrif innleiðingar | | | | | ( 554 ) | ( 554 ) | | ( 554 ) |
| Endurkaup á eigin bréfum | ( 11 ) | ( 453 ) | | | | ( 464 ) | | ( 464 ) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 1.721 | 1.721 | | 1.721 |
| Breyting á varasjóð | | | ( 2 ) | | 2 | 0 | | 0 |
| Greiddur arður, 0,955 kr. á hlut | | | | | ( 1.159 ) | ( 1.159 ) | | ( 1.159 ) |
| Flutt af bundnum hlutdeildarreikningi | | | | ( 662 ) | 662 | 0 | | 0 |
| Eigið fé 31. ágúst 2019 | 1.202 | 4.570 | 301 | 4.430 | 13.321 | 23.824 | 0 | 23.824 |

Þann 9. júní 2020 samþykkti aðalfundur félagsins að ekki yrði greiddur arður til hluthafa vegna síðastliðins árs. Aðalfundur samþykkti að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 32,7 millj. kr. Lækkunin kom til framkvæmda þann 3. júlí 2020 og lækkaði hlutafé Haga því úr 1.213 millj. kr. að nafnverði í 1.181 millj. kr. að nafnverði.

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit
## 1. mars til 31. ágúst 2020

| | Skýr. | Annar ársfjórðungur | | Fyrri árshelmingur | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | 2020 | 2019 | 2020 | 2019 |
| | | 1.6.-31.8. | 1.6.-31.8. | 1.3.-31.8. | 1.3.-31.8. |
| | | * | * | | |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 1.321 | 1.056 | 1.225 | 1.721 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | ( 2) | ( 23) | ( 1) | ( 30) |
| Afskriftir | 7 | 1.068 | 936 | 2.092 | 1.869 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | 419 | 317 | 850 | 615 |
| Aðrir liðir | | 0 | ( 46) | 0 | ( 46) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 95) | ( 67) | ( 125) | ( 90) |
| Tekjuskattur | | 306 | 247 | 274 | 408 |
| Veltufé frá rekstri | | 3.017 | 2.420 | 4.315 | 4.447 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum | | ( 367) | 537 | ( 501) | 2.631 |
| Breytingar á rekstrartengdum skuldum | | ( 1.324) | ( 54) | 747 | 1.240 |
| Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt | | 1.326 | 2.903 | 4.561 | 8.318 |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 16 | 29 | 17 | 54 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 315) | ( 373) | ( 617) | ( 729) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 85) | ( 117) | ( 358) | ( 234) |
| Handbært fé frá rekstri | | 942 | 2.442 | 3.603 | 7.409 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í fasteignum | | ( 1.054) | ( 337) | ( 1.341) | ( 343) |
| Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum | | 2 | 18 | ( 11) | ( 33) |
| Fjárfesting í áhöldum og innréttingum | | ( 258) | ( 522) | ( 855) | ( 1.250) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 4) | ( 3) | ( 10) | ( 5) |
| Söluverð áhalda og innréttinga | | 11 | 41 | 39 | 54 |
| Skuldabréfaeign, breyting | | 21 | 13 | 38 | ( 23) |
| Móttekinn arður | | 0 | 102 | 0 | 102 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 1.282) | ( 688) | ( 2.140) | ( 1.498) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Afborganir langtímalána | | ( 111) | ( 473) | ( 227) | ( 712) |
| Breyting á lánalínu | | ( 1.688) | ( 250) | ( 1.273) | ( 800) |
| Greiddur arður | | 0 | ( 1.159) | 0 | ( 1.159) |
| Keypt eigin bréf | | 0 | ( 464) | ( 420) | ( 464) |
| Leiguskuld afborganir | 14 | ( 447) | ( 363) | ( 886) | ( 753) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 2.246) | ( 2.709) | ( 2.806) | ( 3.888) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 2.586) | ( 955) | ( 1.343) | 2.023 |
| **Handbært fé í upphafi tímabils** | | 3.475 | 3.714 | 2.232 | 736 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 889 | 2.759 | 889 | 2.759 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

# Skýringar

**1. Félagið**

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars 2020 til 31. ágúst 2020 hefur að geyma samstæðu árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga". Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og sala á eldsneyti. Yfirlit yfir félög í samstæðunni má finna í skýringu 12.

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

***Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt***

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 29. febrúar 2020.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 29. október 2020.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið sem lauk í febrúar 2020. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

**4. Mat og ákvarðanir**

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

**5. Starfsþáttayfirlit**

Starfsþættir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olís hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa, þ.e. rekstur þeirra félaga sem mynduðu samstæðuna fyrir samruna Haga og Olís, er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa hingað til metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfsþáttayfirlits. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

Starfsþáttayfirlitið má finna í skýringu 17.

**6. Viðskiptavild**

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 31. ágúst 2020 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

**7. Afskriftir**

Afskriftir greinast þannig:

| | 2020<br>1.3.-31.8. | 2019<br>1.3-31.8. |
|---|---|---|
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 1.139 | 1.008 |
| Afskriftir fjárfestingarfasteigna | 47 | 47 |
| Afskriftir leigueigna | 896 | 777 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 10 | 37 |
| Afskriftir samtals | 2.092 | 1.869 |

**8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2020<br>1.3-31.8. | 2019<br>1.3- 31.8. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum | 33 | 58 |
| Gengishagnaður | 0 | 55 |
| Fjármunatekjur samtals | 33 | 113 |
| | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 536) | ( 492) |
| Vaxtagjöld leiguskuldar | ( 263) | ( 236) |
| Gengistap | ( 84) | 0 |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 883 ) | ( 728 ) |
| | | |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 850 ) | ( 615 ) |

**9. Vörubirgðir**

Vörubirgðir greinast þannig:

| | 31.8.2020 | 29.2.2020 |
|---|---|---|
| Matvara | 4.355 | 4.111 |
| Sérvara | 2.046 | 1.839 |
| Eldsneyti | 1.527 | 2.130 |
| Vörur í flutningi | 431 | 300 |
| Vörubirgðir samtals | 8.359 | 8.380 |
| | | |
| Niðurfærsla birgða í lok tímabils | 232 | 168 |

**10. Vaxtaberandi skuldir**

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | Vegið meðaltal vaxta | | Eftirstöðvar | Eftirstöðvar |
|---|---|---|---|---|
| | 31.8.2020 | 29.2.2020 | 31.8.2020 | 29.2.2020 |
| Skuldir í ISK, óverðtryggðar | 3,00% | 4,17% | 7.037 | 7.171 |
| Skuldir í ISK, verðtryggðar | 2,80% | 2,80% | 5.508 | 5.453 |
| Lánalína | | | 0 | 1.273 |
| Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun | | | 12.545 | 13.897 |
| Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda | | | ( 464 ) | ( 1.715 ) |
| Langtímaskuldir samtals | | | 12.081 | 12.182 |

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Afborganir innan árs | 464 | 1.715 |
| Afborganir eftir 1 til 2 ár | 2.967 | 2.946 |
| Afborganir eftir 2 til 3 ár | 470 | 452 |
| Afborganir eftir 3 til 4 ár | 468 | 458 |
| Afborganir eftir 4 til 5 ár | 452 | 449 |
| Afborganir síðar | 7.724 | 7.877 |
| Samtals | 12.545 | 13.897 |

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

## 11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 31.8.2020 | 29.2.2020 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 9.190 | 8.926 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 2.324 | 2.105 |
| Afleiðusamningar | 146 | 115 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 11.660 | 11.146 |

## 12. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru sjö í lok tímabilsins. Dótturfélögin eru eftirfarandi:

| | | Eignarhlutur | |
|---|---|---|---|
| | Staðsetning | 31.8.2020 | 29.2.2020 |
| Hagar verslanir ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Olíuverzlun Íslands ehf. (Olís) | Ísland | 100% | 100% |
| Bananar ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Noron ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| FKV ehf. (áður Ferskar kjötvörur ehf.) | Ísland | 100% | 100% |
| Mjöll Frigg ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Reykjavíkur Apótek ehf. | Ísland | 90% | 90% |

Mjöll Frigg ehf. er dótturfélag Olís. Rekstur Ferskra kjötvara ehf. var seldur til Haga verslana ehf. í lok rekstrarárs 2019/20, þegar Aðföng tók yfir reksturinn. Félagið heitir í dag FKV ehf. en í því er engin starfsemi.

## 13. Kennitölur

***Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:***

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| **Rekstur:** | **1.3.-31.8.** | **1.3-31.8.** |
| Hagnaðarhlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu) | 7,3% | 7,6% |
| Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu) | 10,7% | 10,1% |
| Kostnaðarhlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu) | 4,4% | 4,7% |
| Veltuhraði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða) | 11,1 | 13,2 |
| Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum | 11,1 | 12,7 |

| | | |
|---|---|---|
| **Efnahagur:** | **31.8.2020** | **29.2.2020** |
| Veltufjárhlutfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir) | 0,97 | 0,96 |
| Lausafjárhlutfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir) | 0,40 | 0,43 |
| Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir) | 2,43 | 2,46 |
| Eiginfjárhlutfall (eigið fé / heildareignir) | 40,8% | 39,2% |
| Innra virði hlutafjár (eigið fé / hlutafé) | 21,50 | 20,68 |

**14. Leigueignir og leiguskuldir**

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Við útreikning fjárhæða leigueigna og leiguskulda var lagt mat á leigutíma og vexti á nýju lánsfé enda var ekki unnt að ákvarða innbyggða vexti í leigusamningum með áreiðanlegum hætti. Vegnir meðalvextir voru ákvarðaðir 5,45%. Við mat á leigutíma er horft til samningstíma, að teknu tilliti til áforma stjórnenda.

Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

| | |
|---|---|
| Leigueignir 1. mars 2020 | 9.435 |
| Nýir samningar á tímabilinu | 15 |
| Verðbætur á tímabilinu | 187 |
| Afskriftir tímabilsins | ( 894) |
| Aðrar breytingar samninga á tímabilinu | ( 65) |
| Kaupleigusamningar, breytingar á tímabilinu | ( 12) |
| Leigueignir 31. ágúst 2020 | 8.666 |

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

| | |
|---|---|
| Leiguskuldir 1. mars 2020 | 10.167 |
| Nýir samningar á tímabilinu | 15 |
| Afborgunarþáttur leigugreiðslna | ( 877) |
| Verðbætur á tímabilinu | 187 |
| Aðrar breytingar samninga á tímabilinu | ( 65) |
| Kaupleigusamningar | ( 10) |
| Leiguskuldir 31. ágúst 2020 | 9.417 |

| | **31.8.2020** |
|---|---|
| Afborganir innan árs | 2.058 |
| Afborganir síðar | 7.359 |
| Samtals | 9.417 |

**15. Áhrif COVID-19 heimsfaraldursins**

Hagar og dótturfélög þess hafa ekki farið varhluta af áhrifum COVID-19 faraldursins. Heildaráhrif á samstæðuna á fyrsta ársfjórðungi voru mikil en þrátt fyrir tekjuvöxt í dagvöruhluta samstæðunnar hafði samdráttur hjá Olís töluverð neikvæð áhrif. Þá hafði veiking íslensku krónunnar og lækkun á heimsmarkaðsverði á olíu einnig neikvæð áhrif á rekstur samstæðunnar. Rekstur á öðrum ársfjórðungi gekk vel og virðist sem áhrif fyrstu bylgju faraldursins hafi að mestu verið komin fram. Ársfjórðungurinn fór fram úr væntingum þar sem aukin verslun innanlands, ásamt ferðalögum landsmanna, hafði jákvæð áhrif af afkomu allra rekstrareininga samstæðunnar.

Á þessari stundu er erfitt að leggja mat á áhrif COVID-19 á seinni helmingi rekstrarársins en gera má ráð fyrir áframhaldandi tekjuvexti í dagvöruhluta samstæðunnar en að rekstur Olís muni þyngjast í samanburði við fyrra ár. Þá er framlegð undir væntingum og búist er við áframhaldandi verðþrýstingi sem fer saman við kjarasamningsbundnar launahækkanir á næstu mánuðum.

Efnahags- og lausafjárstaða Haga er sterk og er félagið vel í stakk búið að takast á við ögrandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun félagsins er tryggð til langs tíma og er aðgangur að skammtímafjármögnun, að fjárhæð um 6,2 ma. kr., hjá viðskiptabanka einnig tryggður.

Gripið hefur verið til margvíslegra aðgerða til að tryggja öryggi og heilsu starfsfólks, viðskiptavina og annarra samstarfsaðila samstæðunnar. Aðgerðirnar skipta miklu máli því stór hluti af starfsemi samstæðunnar, s.s. matvöruverslanir og tengd vöruhús, ásamt sölustöðum eldsneytis, gegna stóru hlutverki í innviðastarfsemi landsins, sérstaklega í krefjandi aðstæðum sem þessum.

**16. Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélög þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

***Viðskipti við tengda aðila***

| Viðskipti við tengda aðila greinast þannig: | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| | **1.3.-31.8.** | **1.3.-31.8.** |
| Seldar vörur og þjónusta | 55 | 41 |
| Keyptar vörur og þjónusta | 685 | 750 |
| Viðskiptakröfur í lok tímabils | 1 | 807 |
| Viðskiptaskuldir í lok tímabils | 94 | 201 |

Heildaráhrif vegna starfslokagreiðslna og lotunar á samningsbundnum starfslokakostnaði nemur um 150 millj. kr. á tímabilinu, sem er gjaldfært meðal launa og launatengdra gjalda. Þar af eru 86,4 millj. kr. vegna starfsloka fyrrverandi forstjóra.

## 17. Starfsþáttayfirlit

| Fyrri árshelmingur 2020/21 | Verslanir og vöruhús | Olís | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | 43.362 | 15.973 | ( 170) | 59.165 |
| Aðrar rekstrartekjur | 165 | 68 | ( 50) | 183 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | 43.527 | 16.041 | (220) | 59.348 |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | (39.812) | (15.440) | 220 | (55.032) |
| **EBITDA starfsþátta** | 3.715 | 601 | 0 | 4.316 |
| Afskriftir starfsþátta | ( 1.555) | ( 537) | 0 | (2.092) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 125 | 0 | 125 |
| **Rekstrarafkoma starfsþátta** | 2.160 | 189 | 0 | 2.349 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 678) | ( 172) | 0 | (850) |
| Tekjuskattur | | | | ( 274) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | 1.225 |
| **31. ágúst 2020** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 44.066 | 18.180 | 0 | 62.246 |
| **Eignir samtals** | | | | 62.246 |
| Skuldir starfsþátta | 27.374 | 9.478 | 0 | 36.852 |
| **Skuldir samtals** | | | | 36.852 |
| Fjárfestingar starfsþátta (nettó) | ( 1.893) | ( 285) | 0 | (2.178) |

| Fyrri árshelmingur 2019/20 | Verslanir og vöruhús | Olís | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | 39.212 | 20.326 | ( 34) | 59.504 |
| Aðrar rekstrartekjur | 231 | 33 | 0 | 264 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | 39.443 | 20.359 | (34) | 59.768 |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | (36.172) | (19.107) | 34 | (55.245) |
| **EBITDA starfsþátta** | 3.271 | 1.252 | 0 | 4.523 |
| Afskriftir starfsþátta | ( 1.437) | ( 432) | 0 | (1.869) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 90 | 0 | 90 |
| **Rekstrarafkoma starfsþátta** | 1.834 | 910 | 0 | 2.744 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 488) | ( 127) | 0 | (615) |
| Tekjuskattur | | | | ( 408) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | 1.721 |
| **31. ágúst 2019** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 41.226 | 18.805 | 0 | 60.031 |
| **Eignir samtals** | | | | 60.031 |
| Skuldir starfsþátta | 25.941 | 10.266 | 0 | 36.207 |
| **Skuldir samtals** | | | | 36.207 |
| Fjárfestingar starfsþátta (nettó) | ( 835) | ( 742) | 0 | ( 1.577) |